

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið nær yfir tvær frístundalóðir, lóð nr. 43 sem er byggð og lóð nr. 43a þar sem gert er ráð fyrir frístundahúsi.

Deiliskipulag þetta sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 13. febrúar 2004.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.